

IV. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tíma-
mark.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr. laganna, sbr. 43. gr. laga nr. 111/1992, 34. gr. laga nr. 122/1993 og 1. gr. laga nr. 74/1994:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „3%“ í 1. mgr. komi: 3,05%.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðar-
iðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptal-
ingu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Vegna tryggingagjalds á reiknað endurgjald manns sem stundar atvinnurekstur eða sjálf-
staða starfsemi, maka hans og barna skal stofn gjaldsins vera sú fjárhæð sem greinir í 3.
mgr. 6. gr. Er ekki skylt að gera sérstaka grein fyrir fjárhæðinni á launaframtali. Skipta skal
gjaldstofni ársins jafnt á öll geiðslutímabil þess nema önnur skipting komi greinilega fram
í skattgögnum gjaldanda.

3. gr.

Við lögina bætist svofelldur Viðauki I sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki I.

Í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds skulu vera eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt
atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands:

- 01.1 Jarðyrkja og garðyrkja.
- 01.2 Búfjárrækt.
- 01.3 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar.
- 01.5 Dýraveiðar og tengd þjónusta.
- 02 Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta.
- 05.01 Fiskveiðar.

- 05.02 Rekstur seiða-, fiskeldis- og hafbeitarstöðva.
- 10 Kolanám og móvinnsla.
- 11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
- 12 Nám á úran- og þórín málmgrýti.
- 13 Málmnám og málmvinnsla.
- 14 Námugróftur og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
- 15 Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður.
- 16 Tóbaksiðnaður.
- 17 Textíliðnaður.
- 18 Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna.
- 19 Leðuriðnaður.
- 20 Trjáiðnaður.
- 21 Pappírsiðnaður.
- 22 Útgáfustarfsemi og prentiðnaður.
- 23 Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti.
- 24 Efnaiðnaður.
- 25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.
- 26 Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.
- 27 Framleiðsla málma.
- 28 Málmsmíði og viðgerðir.
- 29 Vélsníði og vélaviðgerðir.
- 30 Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.
- 31 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og -tækja.
- 32 Framleiðsla fjarskiptabúnaðar og -tækja.
- 33 Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.
- 34 Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.
- 35 Framleiðsla annarra farartækja.
- 36 Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.
- 37 Endurvinnsla.
- 52.7 Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.
- 55.1 Hótel.
- 55.2 Orlofshús, bændagisting, tjaldstæði og önnur aðstaða til stuttrar dvalar.
- 55.3 Veitingahúsarekstur.
- 55.52 Sala á tilbúnum mat.
- 71.1 Bílaleiga.
- 72.2 Hugbúnaðargerð. Ráðgjöf og sala á hugbúnaði fellur ekki hér undir.
- 92.11 Framleiðsla kvikmynda og myndbanda.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1995 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá þeim tíma og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1996 á gjaldstofn ársins 1995. Þó skal 2. gr. gilda um skil launaframtala frá og með árinu 1995.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.